



spjaldtölvuverkefni kópavogsbæjar

Kaupsamningur um spjaldtölvu

Nafn nemanda: _____

Kennitala nemanda: _____

Raðnúmer spjaldtölvu: _____

MAC-númer spjaldtölvu: _____

1. Kaupverð spjaldtölvunnar er kr. 27.000.
2. Kaupverði spjaldtölvunnar verður dreift yfir þann tíma sem hún verður notuð sem námsgagn. Greitt verður einu sinni í mánuði.

Fyrsta greiðsla samkvæmt samningi þessum verður:
Síðasta greiðsla samkvæmt samningi þessum verður:
Upphæð hverrar greiðslu:
Fjöldi greiðslna:

3. Að þeim tíma loknum, að því gefnu að kaupandi hafi staðið í skilum með greiðslur, mun Kópavogsbær útbúa afsal til handa kaupanda fyrir spjaldtölvunni.

a. Flytji nemandi og hætti að stunda nám við grunnskóla í Kópavogi innan 12 mánaða eftir að kaupsamningur hefur verið samþykktur skal nemandi skila spjaldtölvunni og verður sá hluti kaupverðs sem greiddur hefur verið endurgreiddur að fullu. Ef nemandi flytur og hættir að stunda nám við grunnskóla í Kópavogi áður en samningstímabili er lokið, en kaupandi hefur staðið í skilum með 12 mánaðargreiðslur eða fleiri, mun kaupanda standa til boða að greiða upp eftirstöðvar kaupverðs og fá útgefið afsal.

b. Skemmist/eyðileggist spjaldtölvun áður en samningstímabili er lokið, og orsök þess verður ekki rakin til óeðlilegrar notkunar eða umgengni um spjaldtölvuna, mun Kópavogsbær úthluta nemanda sambærilegri spjaldtölvu.

c. Færast þá þessir kaupskilmálar yfir á nýju spjaldtölvuna og munu þegar greiddar afborganir ganga upp í verðið á henni.

d. Umsýslukerfi Kópavogsbæjar heldur utan um skráningu tækja á nemendum.

4. Kaupandi mun ekki fá afhent afsal fyrr en að spjaldtölvun teljist ekki lengur vera námsgagn nemandans. Fram að þeim tíma gilda notkunarskilmálar Kópavogsbæjar, sem má finna í samningi um afnot af spjaldtölvu, um notkun spjaldtölvunnar, fullum fetum.

5. Kópavogsbær mun þjónusta spjaldtölvuna og sjá um viðgerðir þar til afsal hefur verið afhent. Þetta á þó ekki við ef um vísitandi skemmdarverk eða stórkostlegt gáleysi af hálfu nemanda eða kaupanda.

6. Eftir að afsal hefur verið afhent verður spjaldtölvun eign kaupanda. Þá falla niður allar skyldur Kópavogsbæjar gagnvart notanda vegna galla eða bilana eða annarar þjónustu vegna spjaldtölvunnar.

7. Kaupsamningur þessi er samþykktur með undirskrift kaupanda.

Staður og dagsetning

Nafn og kennitala kaupanda